

# Verkefni / Rannsókn: Fjölmennningarlegir skólar í þremur löndum

## Styrkþegi: Þóroddur Helgason

### Samantekt

Þessi ritgerð fjallar um rannsókn sem gerð var í fjölmennningarlegum skólum í þremur löndum. Rannsakað var hvað einkenndi starf þessara skóla, hvernig þeir stæðu að fjölmennningarlegri menntun og móttöku og þjónustu við innflytjendur.

Ritgerðin er 15 eininga lokaverkefni lögð fram til fullnaðar M.Ed.- gráðu í stjórnunarfræði menntastofnana við Kennaraháskóla Íslands. Tilgangurinn með henni er að afla frekari upplýsinga um fjölmennningarlegt skólastarf og kennslu innflytjendabarna í þeirri von að þær gagnist íslenskum skólum.

Fræðileg þekking er sótt í námskeið í fjölmenningarfræðum í Kennaraháskóla Íslands, en þar fékk ég gott yfirlit yfir rannsóknarniðurstöður í fjölmenningarfræðum og kennslu innflytjendabarna í Bandaríkjunum, í Evrópu og á Íslandi. Rannsóknin er eigindleg og gagnasöfnun var þrenns konar, lestur opinberra gagna, viðtöl við starfsfólk skóla og foreldra og vettvangsathugun í skólunum.

Rannsóknin leiddi í ljós að skólarnir eiga margt sameiginlegt. Nefna má faglega forystu reyndra skólastjóra, sem allir höfðu svipaða sýn á fjölmenningu. Skólabragurinn einkenndist af samstöðu meðal starfsfólks og hlýju viðmóti nemenda og kennara. Fjölmenningin er gerð sýnileg og virðing borin fyrir þjóðerni, tungumálum, trú og menningu. Skólarnir hafa forystu í samskiptum við foreldra og nota óspart túlka.

Skólarnir hafa allir ráðið talsvert af tvítyngdu starfsfólki og þeir leggja áherslu á að mennta starfsliðið vel í fjölmennningarlegum fræðum og í kennslu tvítyngdra. Samvinnunám er vinsælasta kennsluaðferðin í skólunum og allir eru með mikla hópvinnu. Áhersla er á jákvæðan aga og starfsfólk hefur miklar væntingar til nemenda og leggur metnað í að byggja upp góðan bekkjaranda. Í skólunum er fastmótað og skilvirkt móttökukerfi fyrir innflytjendabörn og öflug stoðþjónusta, þar sem sérmenntað starfsfólk veitir ráðgjöf til annarra starfsmanna ásamt því að kenna. Aðeins einn skólanna, Dalry Primary, býður upp á kennslu í móðurmáli innflytjendabarna, en allir eiga skólarnir þá sameiginlegu ósk að geta veitt þeim kennslu í sínu móðurmáli.

# Project: Multicultural schools in three countries

Grantee: Þóroddur Helgason

## **Abstract**

This essay is about a research in multicultural schools in three countries. The research discusses what characterizes these schools, how they perform multicultural education and how they receive and teach immigrant children.

The report is a 15 credit final course for a M.Ed. in educational administration at the Iceland

University of Education and the purpose was to collect further data on multicultural education and teaching of immigrant children to furthering their education in schools.

Through different courses at the Iceland University of Education I have been able to receive various important information about the subject of multiculturalism and bilingual education, primarily in the US, Europe and here in Iceland. I chose qualitative research and collected data by reading papers and journals, taking interviews with staff of different primary schools and parents of foreign children in addition to making field observations.

Viewing the research results it is apparent that these multicultural schools share various important similarities. First and foremost leadership has to be mentioned. The Headmasters of the schools observed and researched showed clear vision of leadership in terms of multicultural education. The schools ethics I found to be characterized in staff's solidarity and warm relations with the pupils. The multicultural experience was visible by the respect for different nationalities, languages and cultures. The schools lead in the school-home cooperation and they call upon interpreters whenever they need.

The schools have some bilingual staff and they emphasize the value of good education in areas of multi-culture and linguistics. Cooperative learning is a popular teaching method and all the schools emphasize group work in classrooms. They emphasize positive discipline and the staff has high expectations and ambitions for the pupils and aim for a positive atmosphere in the classroom.

The schools have a confirmed and productive system for inviting immigrant children to the school and a safe supporting service, where specially educated staff teach the immigrant children and give advice to other staff on those children. There is only one school, Dalry Primary, that provides education in native languages, but all the schools have in common that they would like to provide education in the pupil's mother language.